

ÞJÓÐARPÚLS GALLUP

Ágúst 2025 Ísland fyrir samkynhneigða

Mikill meirihluti landsmanna telur sig búa á stað sem er góður staður að búa á fyrir samkynhneigða, eða ríflega 89% þeirra sem taka afstöðu. Fyrir áratug síðan var hlutfallið tæplega 86%. Hátt í þriðjungur tekur ekki afstöðu og segist ekki vita það.

Er svæðið sem þú býrð á góður eða slæmur staður til að búa á fyrir samkynhneigða?



Yngra fólk telur sig frekar en eldra búa á góðum stað fyrir samkynhneigða. Þau sem kysu Viðreisn ef kosið yrði til Alþingis í dag eru líklegri en þau sem kysu aðra flokka til að telja sig búa á góðum stað fyrir samkynhneigða á meðan þau sem kysu Flokk fólksins eru ólíklegri til þess en þau sem kysu aðra flokka. Ekki kemur fram munur á svörum fólks eftir því hvar á landinu það býr.

Þau sem telja sig helst búa á slæmum stað fyrir samkynhneigða eru þau sem hafa ekki lokið framhaldsmenntun, þau sem hafa lægstar fjölskyldutekjur og þau sem skiluðu auðu ef kosið yrði til Alþingis eða kysu annan flokk en þá sem eiga sæti á þingi.

Það hlýtur að teljast ánægjulegt að af tæplega 80 svarendum sem eru samkynhneigðir, tvíkynhneigðir, trans eða hinsegin á annan hátt segjast allir búa á stað sem er góður staður til að búa á fyrir samkynhneigða fyrir utan þrjá sem segja hvorki né.

Greiningar



* Marktækur munur á milli hópa

Spurt var:

- Er höfuðborgarsvæðið góður eða slæmur staður til að búa á fyrir samkynhneigða?
- Er svæðið sem þú býrð á góður eða slæmur staður til að búa á fyrir samkynhneigða?

Niðurstöður sem hér birtast eru úr netkönnun Gallup sem gerð var dagana 26. júní til 14. júlí 2025. Heildarúrtaksstærð var 1.846 og þátttökuhlutfall var 44,1%. Einstaklingar í úrtaki voru handahófsvaldir úr Viðhorfahópi Gallup.

Notkun á efni Þjóðarpúls Gallup og tilvitnun í það er heimil svo lengi sem heimilda er getið.

Útgefið af: Gallup - Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík. Sími: 540 1200. Netfang: sigrun.drifa@gallup.is.

Umsjón með útgáfu: Sigrún Drífa Jónsdóttir.

Ábyrgðarmaður: Jóna Karen Sverrisdóttir © Íslenskar markaðsrannsóknir 1993. © Gallup á Íslandi 2015. Allur réttur áskilinn.